

Nr. 6/1952. Föstudaginn 23. janúar 1953.
**Alþýðusamband Íslands f. h. Félags
járniðnaðarmanna vegna Snorra Jónssonar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meist-
arafélags járniðnaðarmanna vegna Vélsmiðj-
unnar Héðins h/f**
(Björgvin Sigurðsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Atvinnurekandi dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot á 4. gr. laga nr. 80/1938 og til þess að greiða skaðabætur til starfsmanns, sem látinn var hætta störfum hjá fyrirtækinu, en hann var ekki talinn hafa sniðgengið forgangsréttarákvæði kjarasamnings.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefni 2. okt. f. á af Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík vegna Snorra Jónssonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistarfélagis járniðnaðarmanna í Reykjavík vegna Vélsmiðjunnar Héðins h/f.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

- A. 1) Að dæmt verði, að stefndi hafi með fyrirvaralausri brottvikningu Snorra Jónssonar úr vinnu hinn 8. september f. á. brotið 4. gr. laga nr. 80/1938.
- 2) Að stefndi verði fyrir nefnt brot dæmdur til þess að greiða hæfilega sekt samkvæmt 70. gr. sömu laga.
- B. Að dæmt verði, að stefndi hafi með því að taka ekki Snorra Jónsson strax í vinnu, er þess var krafizt, brotið 10. gr. kjarasamnings frá 10. des. 1947.

C. Að stefnda verði dæmt skylt að taka Snorra Jónsson nú þegar til vinnu og greiða honum fullt kaup samkvæmt kjarasamningi aðilja frá og með 22. sept. s.l., þar til hann hefur verið tekinn í vinnuna.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefst hann þess, að stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda vegna Snorra Jónssonar kaup til 10. október f. á.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins og málavextir:

Vélsmiðjan Héðinn h/f í Reykjavík hefur í þjónustu sinni margt starfsmanna, sem eru í Félagi járníðnaðarmanna í Reykjavík. Meðal þeirra, sem störfuðu þar í byrjun s.l. septembermánaðar, voru Snorri Jónsson, formaður félagsins, sem starfað hefur hjá vélsmiðjunni samfleytt í 17 ár. Ennfremur vann þar varaformaður félagsins, Kristinn Ágúst Eiríksson, sem einnig hefur í mörg ár starfað hjá Vélsmiðjunni. Trúnaðarmaður járníðnaðarmannafélagsins í vélsmiðjunni er Jónas Hallgrímsson.

Forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f var framkvæmdastjóri Iðnsýningar þeirrar, sem haldin var s.l. haust, og sá um undirbúning hennar. Að sögn hans var svo margt ógert að morgni föstudagsins 5. september s.l., að ljóst var, að ekki yrði hægt að opna sýninguna hinn 6. s. m., eins og ráðgert hafði verið, nema gripið yrði til sérstakra ráðstafana. Af því tilefni átti framkvæmdastjórinn tal við verkstjóra í Vélsmiðjunni Héðni og varð það úr, að um 20 menn þaðan fóru til vinnu við undirbúning sýningarinnar. Unnu þeir þar frá því um hádegi á föstudag 5. sept. s.l., alla aðfaranótt laugardagsins 6. sept. og eitthvað fram á þann dag. Ekki liggur fyrir í máli þessu, hvort menn þessir voru allir járníðnaðarmenn, en störf þau, sem þeir unnu við undirbúning sýningarinnar, voru ekki járníðnaðarvinna.

Samkvæmt 3. gr. kjarasamnings dags. 10. des. 1947 mega

járniðnaðarmenn ekki, ef þeir hafa unnið heila nótt, vinna dagvinnu næsta dag. Ákvæði þessu hefur þó ekki verið framfylgt bókstaflega, en ágreiningslaust er, að það sé föst regla, að atvinnurekandi sæki um leyfi til dagvinnu fyrir þá starfsmenn, sem unnið hafa alla nóttina.

Jónas Hallgrímsson trúnaðarmaður Félags járniðnaðarmanna í Héðni hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að nokkrir starfsbræður sínir í Héðni hafi fundið að því nefndan laugardagsmorgun, að járniðnaðarmenn ynnu þann dag, þótt þeir hefðu unnið alla nóttina, og jafnframt spurzt fyrir um það, hvort sótt hefði verið um leyfi til þess, eins og venjulegt væri í slíkum tilfellum. Ekki er ljóst, hvort trúnaðarmaðurinn hefur snúið sér til verkstjórnanna út af þessu þenna sama morgun, en hann kveðst hafa skýrt formanni félagsins, Snorra Jónssyni, frá þessari umkvörtun klukkan að ganga 11 þenna sama morgun, enda var honum það skylt samkvæmt 10. gr. laga nr. 80/1938, ef hann taldi, að um samningsbrot væri að ræða. Ljóst er, að sá orðrómur hefur komið á kreik meðal starfsmanna í Héðni, að forráðamenn járniðnaðarmannafélagsins myndu ætla að láta menn þá, sem unnu nefnda næturvinnu og næsta dag, sæta einhverjum félagslegum aga, „hýrudrætti“. En ekkert er framkomið um það, að forráðamenn félagsins hafi áformað þess konar aðgerðir gagnvart nefndum félagsmönnum.

Hinn 8. sept. s.l. gerðist það, að forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f sagði þremur járniðnaðarmönnum upp störfum frá þeim degi að telja. Menn þessir voru Jónas Hallgrímsson trúnaðarmaður félagsins, Snorri Jónsson, formaður járniðnaðarmannafélagsins og Kristinn Ágúst Eiríksson, varaformaður sama félags. Engar ástæður voru greindar í uppsögn þessari, en henni fylgdi hálfsmánaðar kaup, auk þess kaups, er menn þessir áttu þá inni hjá vélsmiðjunni, en uppsagnarfrestur samkvæmt gildandi kjarasamningi er hálfur mánuður. Var beint tekið fram í uppsagnarbréfinu, að þess væri óskað, að vinnu viðkomandi manna hjá vélsmiðjunni væri þegar lokið.

Félag járniðnaðarmanna brá skjótt við til andófs upp-

sögnum þessum. Var haldinn fundur í félaginu 9. sept. og þar samþykkt mótmæli gegn uppsögn þremminganna og þess krafizt, að þeir yrðu tafarlaust teknir í vinnu aftur. Enn fremur kaus fundurinn tvo félagsmenn til þess að flytja mál þetta við forstjóra vélsmiðjunnar og fá hjá honum frekari skýringu á uppsögnunum. Menn þessir, sem áttu tal við forstjórann 12. og 14. september, segja, að hann hafi ekki viljað skýra þeim frá ástæðum sínum fyrir uppsögnunum, en talið, að hann mundi ræða það við menn þá, er upp var sagt, ef þeir óskuðu þess. Hafi hann í fyrstu algerlega neitað að taka nokkurn þeirra til vinnu aftur, en síðar hafi hann boðizt til að sýna járníðnaðarmannafélaginu þann velvilja, að taka einhvern einn þeirra aftur. Hinn 14. september áttu þeir Snorri og Kristinn viðtal við forstjórann og spurðust fyrir um ástæður hans fyrir uppsögninni. Heldur Snorri því fram, að forstjórinn hafi borið honum á brýn, að hann hefði staðið fyrir samblæstri í vélsmiðjunni gegn sér (forstjórannum), en því hefur forstjórinn eindregið mótmælt og er það ósannað. Auk járníðnaðarmannafélagsins, lét stjórn Alþýðusambands Íslands og Fulltrúaráð verklýðsfélaganna í Reykjavík þetta mál til sín taka. Átti framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins ásamt öðrum manni viðtal við forstjórann í því skyni að fá hann til þess að taka mennina aftur. Sömu erinda fór Sæmundur Ólafsson þáverandi formaður fulltrúaráðsins. Munu þeir hafa fengið þau svör, að til mála gæti komið að taka einhvern mannanna aftur. Sæmundur Ólafsson kveður í skýrslu sinni um för sína til forstjórans, að hann (forstjórinn) hafi talið stjórnmalaskoðanir þremminganna aðalástæðuna fyrir því, að hann vildi ekki taka þá í vinnu aftur, þar sem þeir væru allir kommúnistar. Gegn eindreginni neitun forstjórans er þessi staðhæfing formanns fulltrúaráðsins ekki sönnuð.

Dagblaðið Þjóðviljinn skýrði frá framangreindum uppsögnum föstudaginn 12. september. Í tilefni af því birti forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f skýrslu um málefnið í Morgunblaðinu 13. s. m. Í skýrslu þessari kveðst forstjórinn fyrir löngu hafa ætlað sér að segja þessum mönnum upp, þar sem hann hafi talið fyrirtækinu það fyrir beztu og hafi

það því verið „ástæður, sem vörðuðu vinnu mannanna, sem gerðu það að verkum“, að þeim var sagt upp. En þótt þessi væri ástæðan, þá kveður hann, að gerzt hafi atburður, sem minnti hann á fyrri ákvörðun sína. Skýrir hann síðan frá því, að fengnir hafi verið menn úr vélsmiðjunni Héðni til vinnu við undirbúning Iðnsýningarinnar, svo sem að fram-
an er rakið. Þá segir hann, að aðalverkstjóra Héðins hafi á laugardagsniorguninn verið tilkynnt, að mennirnir úr Héðni hefðu ekki rétt til þess samkvæmt samningum að vinna á laugardaginn (þ. e. 6. sept. s.l.), þar sem þeir höfðu unnið alla nóttina, og þess verið krafizt, að þeir hættu vinnu þegar í stað. Hafi því og verið bætt við, að kaup þeirra fyrir laugar-
dagsvinnuna yrði tekið af þeim. Jafnframt kveður forstjórinn í grein þessari, að einstakir menn, sem unnu við sýninguna, hafi fengið sams konar hótanir. Enn segir hann svo: „Ég býst við, að flestir skilji, að mér þótti það meira en lítið miður, að menn, sem höfðu hlaupið undir bagga við sýninguna þegar mest lá á og fyrir mín orð skyldu verða fyrir svo harkalegum árásum. Mér þótti þetta framferði því meira óþolandi o. s. frv.“

Næsta dag, 14. sept. s.l., kom aftur grein um málið í Þjóðviljanum eftir Snorra Jónsson. Mótmælir Snorri þar, að hann eða Kristinn Eiríksson hafi á nokkurn hátt haft afskipti af mönnum þeim, er unnu að undirbúningi Iðnsýningarinnar. Þessari staðhæfingu Snorra svarar forstjórinn m. a. á þessa leið í Morgunblaðinu 16. s. m. „Út af staðhæfingu Snorra . . . eð enginn þeirra þremmenninganna hafi haft afskipti af vinnunni fyrir Iðnsýninguna, þá er það rangt. Það er sannanlegt, að af hálfu þessara manna voru viðhafðar hótanir um kaupmissi og annað þvíumlíkt við einstaka járnsmiði . . . Það er einnig beinlínis viðurkennt . . . að einn af þremmenningunum hafi mótmælt vinnunni sem samningsbroti við yfirverkstjóra Héðins“.

Viðtöl þau, sem framangreindir forráðamenn verklýðssamtakanna áttu við forstjóra Vélsmiðjunnar Héðins leiddu til þess, að trúnaðarmaðurinn, Jónas Hallgrímsson, var á ný tekinn í þjónustu vélsmiðjunnar. Mun það hafa verið um 20. september f. á. Hins vegar reyndist forstjórinn ófáanlegur til

þess að taka þá Snorra Jónsson og Kristinn Ágúst Eiríksson aftur í vinnu. Stéttarfélag þeirra höfðaði þá mál gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f fyrir hvorn þeirra um sig, og eru dómkröfur þess vegna Snorra Jónssonar þær, sem að framan greinir.

A. Refsikrafan.

Stefnandi styður þessa kröfu sína þeim rökum, að Vélsmiðjan Héðinn h/f hafi með framangreindri uppsögn Snorra Jónssonar og félaga hans, gerzt brotleg við 4. gr. laga nr. 80/1938. Þá staðhæfingu sína reisir hann á þeim grundvelli, að hér hafi verið um forustumenn stéttarfélags að ræða og séu það fyrst og fremst tvö atriði, sem uppsögninni hafi valdið. Í fyrsta lagi sú hugmynd forstjórans, að Snorri hafi haft afskipti af vinnu þeirra Héðinsmanna, sem unnu að framangreindum undirbúningi að Iðnsýningunni, og í öðru lagi hafi uppsögnin átt rætur sínar að rekja til stjórnmalaskoðana Snorra og þeirra beggja starfsbræðra hans, sem sagt var upp um leið. Hvað undirbúning að Iðnsýningunni snerti hafi Snorri reyndar ekki haft þau afskipti af honum, sem forstjóri Héðins hafi haldið. En þótt svo hefði verið, þá hefði þar aðeins verið um að ræða eðlileg og sjálfsögð afskipti félagsformanns af málefnum félags síns, sem ekki hefði á neinn hátt getað réttlætt uppsögn hans. En með því að láta slík félagsmálastörf varða uppsögn, hafi stefndi einmitt gerzt sekur um það að reyna að hafa áhrif á afskipti verkamanna af málefnum stéttarfélags þeirra og með þeim hætti, að varði við 4. gr. nefndra laga.

Stefndi, sem krafizt hefur algerrar sýknu af refsikröfunni, hefur eindregið mótmælt því, að stjórnmalaskoðanir Snorra Jónssonar eða þeirra Jónasar og Kristins hafi á nokkurn hátt valdið því, að þeim var sagt upp 8. sept. s.l. Bendir hann á, að Snorri, sem hann hafi vitað að væri í Socialistaflokknum, hafi áður verið formaður járníðnaðarman nafélagsins í 6 ár (1942—1948), án þess að hann væri nokkurntíma á nokkurn hátt látinn gjalda þess. Og hvað snerti stjórnmalaskoðanir hinna tveggja, þá hafi sér verið algerlega ókunnugt um það, í hvaða stjórnmalaflokki þeir

voru. Þá mótmælir stefndi því eindregið, að uppsögnin hafi átt rætur sínar að rekja til afskipta Snorra af mönnum þeim, sem unnu að undirbúningi Iðnsýningarinnar, enda þótt þau hefðu að vísu verið allskostar ósæmileg. Kveður hann uppsögn Snorra hafa stafað af óstundvísu hans og lélegum vinnuafköstum. Hefur hann máli sínu til stuðnings lagt fram skrá yfir „mætingar“ Snorra árin 1951 og 1952 til þess tíma, er honum var sagt upp. Jafnframt hefur hann lagt fram skýrslu um smíði blásara, sem Snorri framkvæmdi í s.l. apríl og maímánuði, sem á að sanna að um léleg afköst af hans hálfu hafi verið að ræða. Kveður stefndi, að oft hafi komið til mála að segja Snorra upp af þessum sökum, þótt það hafi ekki komið til framkvæmda fyrr en nú. Atvinnurekanda sé í sjálfsvald sett, hvort eða hvenær hann segi upp verkamönnum sínum. Og þar sem Snorri hafi fengið kaup fyrir þann tíma, sem svari til umsamins uppsagnarfrests, geti hann ekki komið fram með neinart réttmætar kærur eða kröfur út af uppsögninni, og formannsstaða hans sem slík geti ekki gert uppsögnina ólöglega.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda, að óstundvísu Snorra og vinnuafköst hans hafi gefið tilefni til uppsagnar eða verið hinar raunverulegu orsakir hennar. Kveður hann, að hér sé um tylliástæður einar að ræða, enda hafi Snorri hvorki sætt aðfinnslu fyrir léleg afköst né óstundvísu.

Verður þá tekið til athugunar hvað upp er komið í málinu um tildrög og tilefni uppsagnarinnar.

Tveir verkstjórar í Vélsmiðjunni Héðni h/f, Torfi Þorsteinsson og Gísli Guðlaugsson, hafa borið um afköst Snorra. Samkvæmt vætti þeirra hefur hvorugur þeirra fundið að afköstum hans á s.l. ári og annar telur handbrögð hans eða afköst við vinnu ekki almennt aðfinnsluverð. Samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru um stundvísu Snorra, er sýnilegt, að allmikil brögð hafa verið að óstundvísu af hans hálfu árið 1951. Um áramótin 1951 og 1952 gáfu forráðamenn vélsmiðjunnar fyrirsmáli um það, að framvegis yrði almennt gengið stranglega eftir því, að starfsmenn mættu réttstundis til vinnu sinnar og árið 1952 er Snorri

miklum mun stundvísari en árið áður. T. d. kemur hann örsjaldan of seint mánuðina febrúar, marz og apríl, en samkvæmt kjarasamningi þeim, sem þá gildi í vélsmiðjunni, dregst fyrsta hálfu vinnustundin að morgni eða hluti úr henni frá vikukaupi með 50% álagi, ef sveinn kemur of seint til vinnu, og aðrar vinnustundir, sem sveinn mætir ekki til vinnu, dragast frá vikukaupinu. Báðir verkstjórnarnir kveðast hafa fundið að óstundvísi Snorra við hann, og báðir bera þeir, að það hafi komið til orða milli þeirra og forstjórans, að segja Snorra upp, en ekki er öruggt, að það hafi gerzt á árinu 1952. Þá er ekki sannað, að fundið hafi verið að því við Snorra á s.l. ári, að hann væri óstundvís, né heldur að hann fengi á því ári nokkra aðvörun um það, að óstundvís af hans hálfu eða léleg afköst gætu leitt til uppsagnar.

Af því sem nú hefur verið rakið, verður að telja ósennilegt, að hin snögga og fyrirvaralaus uppsögn 8. sept. f. á. hafi átt rót sína að rekja til lélegra afkasta og/eða óstundvís Snorra Jónssonar. Og gegn mótmælum stefnda er það ekki sannað, að stjórnmalaskoðanir Snorra hafi verið til efni hennar.

Með vísun til þess, sem að framan er rakið um undirbúning Iðnsýningarinnar og skýrslur forstjóra Vélsmiðjunnar Héðins h/f í því sambandi, þykir hinsvegar sannað, að megin orsök uppsagnarinnar hafi verið rétt eða röng hugmynd forstjórans um það, að Snorri, Kristinn Eiríksson og Jónas Hallgrímsson hafi verið með afskiptasemi af hálfu stéttarfélags síns út af vinnu þeirra manna úr Vélsmiðjunni Héðni, sem unnu að undirbúningi Iðnsýningarinnar 5. og 6. september f. á. Því til styrktar eru þau ummæli forstjórans í aðiljaskýrslu hans hér fyrir dómi, að afskipti Snorra af Iðnsýningunni hafi verið „allskostar ósæmleg“. Ekkert hefur komið fram um það, að framkoma Snorra í sambandi við vinnu þessa hafi verið með þeim hætti, að hún gæfi út af fyrir sig réttmæta ástæðu til uppsagnar hans. Skiptir ekki máli í því sambandi, hvort þær aðfinnslur, sem kunna að hafa verið bornar fram út af nefndri vinnu voru rétt-

mætar eða eigi, ef þær voru bornar fram á viðurkvæmi-
legan hátt.

Í 4. gr. laga nr. 80/1938 segir m. a., að atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á afstöðu og afskipti verkamanna sinna af stéttarfélögum með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn.

Framangreind uppsögn var til þess fallin að hafa áhrif á afskipti verkamanna stefnda af málefnum stéttarfélags þeirra. Varðar uppsögn Snorra Jónssonar 8. sept. f. á. því við tilvitnað lagaákvæði og ber samkvæmt 70. gr. sömu laga að dæma stefnda til greiðslu fjársektar í rikissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 1200.00.

B. Krafa vegna brots á 10. gr. kjarasamningsins.

Í 10. gr. kjarasamnings milli Félags járníðnaðarmanna og Meistarafélags járníðnaðarmanna, dags. 10. júlí 1947, segir, að vinnuveitendur skuldbindi sig til þess að láta „meðlimi Félags járníðnaðarmanna hafa forgangsrétt að allri járníðnaðarvinnu, sem þeir hafa yfir að ráða“.

Hinn 20. september f. á. krafðist Félag járníðnaðarmanna í Reykjavík þess bréflega með skirskotun til 10. gr. nefnds samnings, að Vélsmiðjan Héðinn h/f, sem er félag í meistarafélaginu, tæki aftur í vinnu þá Snorra Jónsson og Kristinn Ág. Eiríksson, frá og með 23. s. m., þar sem þeir væru atvinnulausir, „en hjá yður eru í járníðnaðarvinnu margir menn, sem ekki eru meðlimir félags okkar“. Kvaðst félagið ella mundu krefjast kaups vegna nefndra manna frá þeim degi, þar til þeir yrðu teknir í vinnu á ný. Stefndi sinni þessu ekki, og hefur stefnandi nú gert þá kröfu í máli þessu, að dæmt verði að stefndi hafi gerzt brotlegur við nefnda grein, sbr. 3. kröfulið hans.

Stefndi hefur mótmælt því, að hafa gerzt brotlegur við nefnt samningsákvæði. Heldur hann því fram, að eftir 22. sept. f. á. hafi aðeins félagsmenn í Félagi járníðnaðarmanna unnið að járníðnaðarvinnu hjá sér, að undanskildum nemendum í þeirri iðn, en þá kveður hann sér heimila til slíkrar vinnu.

Stefnandi hefur andmælt því, að sumir þeirra manna, sem stefndi telur sig hafa gert námssaming við, séu raunverulegir nemendur. Heldur hann því fram, að stefndi hafi, eftir að þeim Snorra og Kristni var sagt upp „hlaupið til“ og gert svokallaða námssamninga við ýmsa verkamenn, sem hjá honum vinni, til þess að geta í orði kveðnu haldið því fram, að ekki væri að ræða um sammingsbrot af hans hálfu, þótt hann léti verkamenn vinna járníðnaðarvinnu. Jafnframt heldur stefnandi því fram, að enda þótt svo yrði litið á, að hér væri um raunverulega nemendur að ræða, þá væri stefnda allt að einu óheimilt að láta þá (nemendurna) sitja fyrir járníðnaðarvinnu, ef félagsmenn í Félagi járníðnaðarmanna gengju atvinnulausir. Nú hafi þeir Snorri og Kristinn verið atvinnulausir síðan þeim var sagt upp og stefndi þannig brotið umrætt forgangsréttarákvæði.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þeim staðhæfingum stefnanda, að ekki sé um raunverulega námssamninga að ræða við þá menn, sem hann hefur gert slíka samninga við, og jafnframt mótmælir hann þeim skilningi stefnanda, að forgangsréttarákvæði nefnds kjarasamings takmarki á nokkurn hátt rétt hans til þess að taka nemendur, eða láta þá vinna járníðnaðarvinnu, þótt einhverjir félagsmenn stefnanda séu án atvinnu.

Það er uppkomið í máli þessu, að Vélsmiðjan Héðinn h/f hefur gefið verkamönnum, sem lengi hafa unnið hjá hlutafélaginu sem aðstoðarmenn í járníðnaðarvinnu, kost á því, að gerast nemendur í þeirri iðn. Hefur félagið með ýmsum hætti skapað þeim hagræði um aðstöðu til fullnaðarnáms, og eru sumir þessara manna komnir meira til aldurs en almennt gerist um nemendur í iðngreinum. Þessi fyrirgreiðsla stefnanda hófst fyrir um það bil 4 árum, og eru þeir, sem þá byrjuðu nám, sagðir um það bil að ljúka því, og sumir þeirra eru þegar taldir hafa lokið námi. Eftir að til ágreinings kom með aðiljum máls þessa í septembermánuði s.l. hófst stefndi handa um það að senda til Iðnfræðsluráðs, til staðfestingar samkvæmt iðnaðarnámslögum, námssamninga þessarar tegundar, sem dagsettir eru fyrr á því ári, og jafnframt gerði hann í október og nóvember-

mánuði s.l. námssamninga við nokkra verkamenn, sem lengi höfðu starfað í þjónustu hans. Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið um aðstöðu til járníðnaðarnáms í Vélsmiðjunni Héðni h/f og framkvæmd þessara mála hjá nefndri vélsmiðju, verður ekki fallið á þá skoðun stefnanda, að hér sé aðeins um málamyndar gerninga að ræða, sem ætlað sé það eitt hlutverk, að skapa stefnda möguleika til þess að komast í kring um ákvæði oftnefndrar 10. gr. kjarasamningsins. Ekki hafa af hálfu stefnanda verið leidd rök að því, að ákvæði 10. gr. nefnds samnings feli í sér takmarkanir á rétti meistara í járníðnaði til þess að taka nemendur. Og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að stefndi hafi látið þá menn, er hann hafði gert námssamning við, vinna önnur verk í iðninni en þau, sem eðlilegt var með tilliti til náms þeirra, verður ekki talið að vinna þeirra eftir að námssamningur var gerður við þá, hafi brotið í bág við 10. gr. kjarasamnings aðilja.

Geta má þess, að eftir að mál þetta var uphaflega tekið til dóms samþykkti Iðnfræðsluráð umrædda námssamninga. Komu gögn um það fram í máli þessu, er dómurinn ákvað samkvæmt 56. gr. laga nr. 80/1938 að gefa aðiljum færi á að afla frekari gagna um vinnu manna, sem ekki voru taldir nemendur.

Auk þess ágreinings, sem er milli aðilja málsins um það atriði, hvort framangreind nemendavinna hafi verið brot á kjarasamningi þeirra, deila þeir einnig um það, hvort fáeinir menn aðrir í þjónustu stefnda hafi andstætt oftnefndu ákvæði 10. gr. kjarasamningsins unnið störf, sem félagsmenn í Félagi járníðnaðarmanna áttu forgangsrétt til. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu er ekki sannað, að vinna þessara manna hafi verið brot á forgangsréttarákvæðinu. Vafi getur þó leikið á um tvo þeirra. Annar þeirra vann við rafsuðu á Keflavíkurlflugvelli um mánaðamótin september-október f. á., en hinn, sem er vélstjóri, vann við vélar í skipum m. a. á tímabilinu frá 22. sept. til 7. nóv. f. á. En frá þeim tíma hefur hann samkvæmt fyrirmælum verkstjóra stefnda, aðeins unnið venjulega verkamannavinnu. Störf hans við vélarnar voru í því fölgín, að taka þær í sundur,

hreinsa og setja saman á ný. En þar sem úrlausn þess atriðis, hvort vinna þessara manna hafi verið ósamrýmanleg 10. gr., getur ekki, samkvæmt því er síðar greirir, orkað á afstöðu dómsins til þeirrar kröfu stefnanda, að stefndi taki Snorra aftur í vinnu, né heldur ráðið í þessu máli úrslitum um skyldu til fébóta eða endanlegri fjárhæð þeirra, þykir ekki nauðsyn bera til, að kanna frekar, hvernig vinnu þessara tveggja manna var háttað tilgreindan tíma.

C. Krafa stefnanda um að Snorri Jónsson verði aftur tekinn í vinnu og skaðabótakrafan.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði dæmt skylt að taka Snorra Jónsson aftur í vinnu og greiða honum auk þess kaup frá 22. sept. f. á., er uppsagnarfresti lauk, til þess tíma, er stefndi taki hann í vinnu á ný. Nemur kaupkrafta hans frá 22. sept. f. á. til 10. þ. m. alls kr. 11.578.80. Þessi kröfugerð er þeim rökum studd, að uppsögnin 8. sept. f. á. hafi bæði verið lögbrot og brot á þágildandi kjarasamningi málsaðilja. Þá heldur stefndi því og fram, að enda þótt svo yrði litið á, að stefnda væri ekki skylt að taka Snorra aftur í vinnu, þá sé honum allt að einu skylt að greiða honum (Snorra) skaðabætur. Telur stefnandi samkvæmt þessu, að Snorri eigi auk bóta fyrir brot á 10. gr. kjarasamningsins, einnig rétt til sérstakra bóta vegna hinnar ólögmætu uppsagnar, sem spillt hafi stórum atvinnuöguleikum hans og þannig valdið honum tjóni.

Stefndi hefur mótmælt því, að honum sé skylt að taka Snorra Jónsson aftur í þjónustu sína. Kveður hann þar engu máli skipta, hvort uppsögnin hafi varðað við lög eða verið brot á kjarasamningi. Og þar sem Snorri hafi fengið kaup þann tíma, er svari til umsamins uppsagnarfrests, eigi hann ekki rétt til frekari bóta, enda hafi honum verið í lófa lagt að fá sér atvinnu annars staðar. Uppsögnin hafi ekki heldur haft í för með sér fyrir hann önnur eða meiri óþægindi en almennt gerist um uppsagnir úr vinnu. Að því er forgangsréttarákvæðið snertir hefur stefndi gert þá varakröfu, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða Snorra kaup til 10. október f. á., ef talið yrði, að nafngreindur verka-

maður hefði á tímabilinu 22. sept. til 10. október f. á. unnið að þeim störfum, sem andstætt væri ákvæðum 10. gr. oftnefnds kjarasamnings.

Samkvæmt grundvallarreglum íslenzks réttar er vinnuveitanda ekki skylt að taka eða hafa í þjónustu sinni menn, sem þeir ekki vilja sem starfsmenn sína. Það verður ekki talið, að sérstök lagafyrirmæli skyldi stefnda til þess að taka Snorra Jónsson í vinnu og slik skylda verður ekki leidd af ákvæðum kjarasamnings málsaðilja. Ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Með framangreindri uppsögn Snorra Jónssonar, sem varðar, svo sem áður segir, við refsíákvæði laga, var högum hans raskað með ólöglegum hætti. Verður því að telja, að hann eigi rétt til nokkurra bóta úr hendi stefnda. Með hliðsjón af því, að Snorri virðist lítt hafa aðhafzt til þess að fá vinnu á ný, eftir að hann lét af starfi hjá stefnda, þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 6000.00. Er þá haft í huga, að það mundi ekki hafa orkað til hækkunar á fjárhæð þessa, þótt vinna sú, er vafi leikur á um samkvæmt því, sem greint er í niðurlagi B-kafla dómsins, hefði verið brot á 10. gr. kjarasamningsins.

Vaxta hefur ekki verið krafizt.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Héðinn h.f., greiði kr. 1200.00 sekt í ríkissjóð.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Meistarafélags járníðnaðarmanna vegna Vélsmiðjunnar Héðins h/f, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna vegna Snorra Jónssonar, kr. 6000.00 og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f hefur afdráttarlaust neitað því, að hann hafi með uppsógn þeirri, er í málinu greinir, viljað hafa nokkur áhrif á stjórnmalaskoðanir Snorra Jónssonar eða á afstöðu hans og afskipti af stéttarfélagi hans eða störfum fyrir það.

Er Snorri Jónsson gaf aðiljaskýrslu fyrir Félagsdómi 6. nóvember 1952, var hann meðal annars um það spurður, hvort forstjóri Vélsmiðjunnar Héðins h/f hefði reynt að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir hans eða á afstöðu hans og afskipti af Félagi járníðnaðarmanna. Í svari því, er Snorri gaf, kom ekkert fram, er benti til þess, að forstjórinn hefði nokkru sinni reynt að hafa áhrif á hann í þessa átt. Er þó sannað í málinu, að Snorri Jónsson hefur um 17 ára skeið starfað í þjónustu Vélsmiðjunnar Héðins h/f. Á því tímabili var hann formaður í Félagi járníðnaðarmanna árin 1942—1948 eða í 6 ár samfleytt og kosinn var hann enn formaður í félaginu á árinu 1952, og gegndi þannig formannsstarfi, er mál þetta var höfðað.

Samkvæmt 2. grein í kjarasamningi járníðnaðarmanna frá 10. desember 1947, er uppsagnarfrestur starfsmanna 2 vikur. Þegar Vélsmiðjan Héðinn h/f sagði Snorra Jónssyni upp starfi 8. sept. 1952, var honum greitt tveggja vikna kaup svo sem áminnt samningsákvæði tilskilur. Uppsógnin var þannig í fullu samræmi við gildandi kjarasamninga og verður á engan hátt séð, að hún hafi brotið í bága við 4. gr. laga nr. 80, 1938.

Samkvæmt þessu tel ég að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda, en tel rétt að málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Ég tel, að ákvæði 10. gr. í kjarasamningi aðilja feli í sér skyldu fyrir stefnda til þess að taka og hafa í þjónustu sinni tiltekna félagsmenn í Félagi járníðnaðarmanna.

Þá tel ég og að taka beri bótakröfu stefnanda að fullu til greina, og er því ósamþykktur dóminum um þessi atriði.